

Nd.

103. Frumvarp til laga

[66. mál]

um breyting á lögum nr. 19 22. marz 1948, um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Önnur málsgr. 40. gr. laganna orðist þannig:

Heiðursverðlaun fyrir hryssu	kr. 80.00
1. verðlaun fyrir hryssu	— 25.00
2. verðlaun fyrir hryssu	— 15.00
3. verðlaun fyrir hryssu	— 7.00
3. verðlaun fyrir stóðhest	— 30.00

2. gr.

Fyrri málsgr. 83. gr. laganna orðist þannig:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum frá kr. 100.00 til kr. 5000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Sektarfé skal renna í sjóð þess búnaðarfélags, þar sem brotið er framið, ella í sveitarsjóð.

3. gr.

84. gr. laganna verði svo hljóðandi:

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 44 frá 10. nóv. 1913, um forðagæzlu, og lög nr. 32 frá 8. sept. 1931, um búfjárrækt, og allar síðari breytingar, sem gerðar hafa verið á þeim lögum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk landbúnaðarráðherra, og fer hér á eftir greinargerð hans fyrir frumvarpinu:

„Í lögum nr. 19 22. marz 1948, um búfjárrækt, er ákveðið, að þriðju verðlaun fyrir stóðhesta skuli vera kr. 3.00, en svo var til ætlazt, að verðlaunin séu kr. 30.00 til samræmis við 2. verðlaun, sem eru kr. 60.00. Ber því nauðsyn til að leiðrétta þetta.

Í 83. gr. laganna eru ákvæði um sektir fyrir brot á lögnum, en nauðsynlegt verður að telja, að þau ákvæði nái einnig til brota á reglugerðum þeim, sem settar verða samkvæmt lögnum.

Með 84. gr. laganna eru úr gildi numin lög nr. 52 8. sept. 1931, en á að vera: lög nr. 32 8. sept. 1931, og ber því nauðsyn til að leiðrétta það.“